

Leikskólinn Gefnarborg

Sunnubraut 3 250 Garður Sími: 422 7166 Fax: 422 7168 Netfang: gefn@simnet.is

Ársskýrsla 2005

Reglugerð um starfsemi leikskóla nr.225/1995 14.gr.

Menntamálaráðuneytið skal árlega afla upplýsinga um tilekna þætti í starfsemi leikskóla, sbr. 15. og 16. gr. reglugerðar þessarar. Sveitarstjórn skal senda menntamálaráðuneytinu ársskýrslu leikskóla fyrir 1. júní ár hvert. Í sveitarfélögum þar sem reknir eru tveir leikskólar eða fleiri skal senda menntamálaráðuneytinu eina ársskýrslu sameiginlega fyrir alla leikskóla sem reknir eru í sveitarfélaginu. Ákvæði þetta tekur til allra leikskóla og er leikskólum sem starfa á grundvelli rekstrarleyfis skv. 7. gr. laga nr. 78/1994 skylt að gefa leikskólanefnd umbeðnar upplýsingar.

Efnisyfirlit.

Almennar upplýsingar.....	3
Viðhald/breytingar.....	3
Hugmyndafræði leikskóla – stefna- námskrá.....	3
Áherslur, markmið.....	3
Mat á starfið.....	3
Dagskipulagið.....	4
Innra starf.....	4
Elstu börnin.....	4
Starfið síðastliðið leikskólaár.....	5
Ársáætlun.....	5
Þróunar og nýbreytnistarf.....	5
Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir.....	6
Starfsmenn.....	7
Fjöldi starfsfólks, stöðugildi.....	7
Starfsmannabreytingar.....	7
Fundir.....	8
Skipulagsdagar.....	8
Fyrirlestrar,námskeið og ráðstefnur.....	8
Börn.....	9
Fjöldi barna.....	9
Dvalartímar.....	9
Sérkennsla.....	9
Foreldrasamstarf.....	9
Foreldraviðtöl.....	9
Foreldrafundur.....	10
Foreldrafélag.....	10
Starf foreldrafélags.....	10
Samstarf – fræðsla – ráðgjöf.....	10
Ráðgjöf og samstarf.....	10
Nemar.....	11
Öryggismál.....	11
Lokaorð.....	Error! Bookmark not defined.

Almennar upplýsingar

Leikskólinn Gefnarborg var byggður af Kvenfélaginu Gefn og tók til starfa 10. júní 1971. Viðbygging var tekin í notkun 1980.

Kvenfélagið rak leikskólann til áramóta 1985 – 1986 en þá keypti Gerðahreppur hann og rak til 1. ágúst 1986. Eftir það var reksturinn boðinn út og hefur verið í einkarekstri síðan. 15. ágúst 1999 flutti leikskólinn í núverandi húsnæði. Stærð húsnæðisins er 330,9 m² og leikrýmið er 163,4 m². Lóðin er 2378 m². Leikskólinn er tveggja deilda og þær heita Kátakot og Sælukot. Í leikskólanum er boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Rekstraraðili leikskólans er Hafrún Víglundsdóttir og leikskólastjóri Elsa Pálsdóttir.

Viðhald/breytingar

Á síðasta ári var skipt um öryggishlífar á útihurðum, gert við skemmd í vegg undir handlaugum á Sælukoti. Leikskólinn var málaður að innan. Útísvæðið var yfirfarið m.a. voru settar nýjar þökur á álagssvæði, borið á tréverk, skipt um sand og bætt mól á malarsvæðið. Hóllinn og tóttirnar voru fjarlægð og kastalinn færður á það svæði. Stálplötur voru settar á vegg í eldhúsi. Ný tölva var keypt á skrifstofu leikskólastjóra.

Hugmyndafræði leikskóla – stefna- námskrá

Áherslur, markmið

Starfað er í samræmi við lög um leikskóla nr. 78/1994 og Aðalnámskrá leikskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu 1999.

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum því rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leikinn. Markmið okkar er að gefa frjálsum og sjálfsprottnum leik mikið rými og góðan tíma. Börnin þurfa að hafa ákveðið val og tækifæri til að leika sér á eigin forsendum. Þau læra og þroskast í gegnum leikinn, hið daglega starf, eigin upplifanir og með því að umgangast önnur börn. Við leggjum áherslu á að efla sjálfstraust og leikgleði barnanna. Daglegar venjur eru einnig mikilvægur hluti uppeldisstarfsins í leikskólanum. Þar gefast ótal tækifæri til náms og þroska. Við leggjum mikið upp úr því að hver og einn fái að njóta sín sem einstaklingur.

Mat á starfinu

Starfsemin er í stöðugri endurskoðun meðal annars á starfsmannafundum, með starfsmannaviðtölum og foreldrakönnunum.

Innra mat: Á starfsmannafundi í janúar og maí er starf vetrarins endurskoðað og metið. Niðurstöður eru síðan metnar og fundnar nýjar leiðir til að laga það sem betur má fara. Leikskólastjóri tekur starfsmannaviðtöl í apríl/ maí, þar sem m.a. er skoðað hvernig

starfsmanni líður, hvernig honum gengur, hvernig honum finnst starfið ganga og hvað honum finnst mega betur fara.

Ytra mat: Matsaðferðir á þroska og hegðun barnanna eru m.a.

Málþroskaprófið „Hljóm”, Atferlisathuganir frá Ingibjörgu Hilmarsdóttur. Íslenski þroskalistinn og málþroskaprófið “Orðaskil” hefur verið notað en ekki í vetur.

Dagskipulagið

Kl: 7:45 – 8:20 Frjáls leikur.

Kl: 8:20 – 9:10 Morgunmat / frjáls leikur / samverustund

Kl: 9:10 – 10:00 Frjáls leikur.

Kl: 10:00 – 11:00 Hópastarf

Kl: 11:00 – 12:00 Útivera / frjáls leikur.

Kl: 12:00 – 13:00 Hádegismatur / hvíld / samverustund.

Kl: 13:00 – 14:30 Útivera / frjáls leikur.

Kl: 14:30 – 16:00 Hópastarf / síðdegishressing.

Kl: 16:00 – 16:30 Frjáls leikur / samverustund

Innra starf

Þar sem leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum er honum gefinn góður tími og gott rými. Við leggjum áherslu á að virða sjálfsákvörðunarrétt barnanna og að þau geti valið sér viðfangsefni eftir sínu áhugasviði. Þegar börnin mæta fá þau að velja hvað þau vilja gera. Þau geta valið m.a. um hreyfingu í sal, byggingaleik með ýmiss konar kubbum, ýmis fínhreyfiverkefni, hlusta á lestur bóka, tölvu og ýmislegt fleira. Myndlist er í boði alla daga eftir morgunmat. Börnin geta skipt um verkefni þegar þau vilja en þurfa að ganga frá eftir sig. Öll börn fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku. Útivera er frjáls en börnin eru hvött til að fara út a.m.k. einu sinni á dag.

Á Sælukoti er tölva í boði. Á Kátakoti skipuleggur starfsfólk meira hvað er í boði hverju sinni til að öll börnin fái þjálfun í öllum þroskaþáttum. Þar eru börnin yngri og ekki eins fær um að velja sér fjölbreytt viðfangsefni.

Leikurinn er notaður sem kennslutæki og vel er fylgst með að börnin þjálfist í öllum þroskaþáttum.

Elstu börnin.

Unnið er sérstaklega með þeim börnum sem eru á síðasta ári í leikskólanum. Þar er lögð áhersla á að efla sjálfstraust, sjálfsmynd, samvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum. Einnig er mikið unnið með hljóðkerfisvitund barnanna og þau þjálfuð í framkomu og ýmiss konar verkefnavinnu. Lögð er áhersla á að börnin kynnist sinni heimabyggð áður en þau fara frá okkur. Það gerum við með því að fara í heimsóknir í hin ýmsu fyrirtæki í Garðinum s.s. frystihús/fiskhús,

bæjarskrifstofuna, Garðvang, Gerðaskóla, bókasafnið og tónlistarskólann.

Samstarf Gefnarborgar og Gerðaskóla: Mikið er lagt upp úr samstarfi milli leikskólans og grunnskólans. Í nóvember fer leikskólinn í heimsókn í Gerðaskóla. Í febrúar bjóðum við 1. bekk í heimsókn til okkar og í apríl fer leikskólinn aftur í heimsókn í Gerðaskóla. Þess á milli eru ýmsir fundir með starfsfólki beggja skólanna. Markmiðið með góðum samskiptum milli skólastiganna er að skiptingin verði sem auðveldust og eðlilegust fyrir börnin svo ekki komi upp óryggi og kvíði hjá börnunum.

Útskrift / útskriftarferð: Þegar börnin útskrifast úr leikskólanum er farið í svokallaða útskriftarferð og eftir það er veisla í leikskólanum þar sem þau fá útskriftarbók.

Útskriftarferðin: Miðvikudaginn 25. maí fóru elstu börnin í útskriftarferð. Farið var með rútu á slökkvistöðina í Keflavík, þaðan á Pizza 67 þar sem börnin fengu sjálf að búa til Pizzur til að borða í hádeginu. Síðan var farið á Púlsinn í Sandgerði þar sem börnin fengu að spreyta sig á að vinna með ævintýri og tónlist. Deginum lauk með veislu í Gefnarborg þar sem þau fengu m.a. kveðjubók, hatta og kökur sem þau höfðu sjálf bakað.

Starfið síðastliðið leikskólaár

Ársáætlun

Áætlun okkar hljóðar upp á að í boði sé fjölbreytt starf þar sem börnin fá tækifæri til að þjálfa alla þroska þætti. Börnin velja sér síðan viðfangsefni eftir eigin áhugasviði. Þau læri og þroskast í gegnum leikinn. Þau læra almennar umgegni- og samskiptareglur, þau skapa vandamálin sjálf og eru hvött til að leita leiða til að leysa þau sjálf. Þau taka sjálfstæðar ákvarðanir og bera ábyrgð á eigin ákvörðunum. Við leggjum áherslu á að bjóða upp á fjölbreytileika þannig að allir geti fundið verkefni við sitt hæfi. Við leggjum mikið upp úr hreyfingu m.a. með því að nýta okkur salinn á hverjum degi. Einnig nýtum við vel nánasta umhverfi og förum mikið í gönguferðir.

Þróunar og nýbreytnistarf

Vinna með elstu börnin hefur verið í stöðugri þróun í leikskólanum. Mikið hefur verið unnið með hljóðkerfisvitund og undirbúning fyrir lestrarnám, einnig hefur mikið verið lagt upp úr framkomu, samvinnu og sjálfstæði.

Við erum einnig að þróa samstarfið við Gerðaskóla. Í markmiðunum með því samstarfi var horft til samræmdrar námskrár á báðum skólastigum og þá horft sérstaklega til málþroska, undirbúnings lestrarnáms og hreyfiþroska. Til að svona samstarf gangi vel þarf að vera gagnkvæmur skilningur starfsfólks á báðum skólastigum, því var ákveðið að stuðla sérstaklega að heimsóknnum kennara beggja skólastiga.

Áfram erum við að þróa okkur í að starfa eftir fjölgreindarkenningu Howard Gardners og í fjölmenningu. Kennsluefnið Stig af stigi var kennt á Sælukoti síðastliðin vetur. Almenn ánægja er með það og verður því haldið áfram. Stig af stigi er kennsluefni til að efla félags- og tilfinningaþroska barna.

Á Kátakoti er verið að leggja inn Tákni með tali. Börnin sýna því mikinn áhuga og eru dugleg að tileinka sér tákni. Framtíðarsýn okkar er að allir í leikskólanum læri að nota það og teljum við það vera forréttindi fyrir alla að fá að læra Tákni með tali. Fjórir kennarar þ.e. Hafrún, Kristín, Linda og Njóla fóru í heimsókn í leikskólann Sólborg í Reykjavík til að kynna sér starf með heyrnarskertum börnum. Við erum að þróa okkur í að vinna með endurvinnslu. Við skolum tómar mjólkurfurnur og förum með þær í þar til gerða gáma, söfnum öllum pappír safgöngum og búum til nýjan pappír úr þeim. Við söfnum allavega ílátum utan af matvælum og notum þau bæði í leik og starfi.

Ferðir, menningarviðburðir og fleira

Gjöf 13. september færði Rauði krossinn leikskólanum gjöf. Það er námsefnið “Hjálpfús”

Gjöf. Kvenfélagið Gefn færði leikskólanum bát sem komið var fyrir á leikskólalóðinni.

Dýravíka var haldin 13.- 17. september, þá máttu börnin koma með gæludýrin sín með sér í leikskólann. Ef dýrin voru í búri máttu þau vera á meðan börnin voru í leikskólanum en ef þau voru laus þá kom einhver fullorðinn með og tók dýrið síðan með sér aftur.

Grænmetisdagur var 20. október og ávaxtadagur 11. janúar, þá máttu börnin koma með uppáhalds grænmetið/ávextina, þau skáru það niður og gerðu salat. Síðan hittust báðar deildir í salnum og héldu veislu.

Dagur íslenskrar tungu var haldinn 16. nóvember. Þá var opið hús þannig að foreldrum var boðið að koma og taka þá í sameiginlegri samveru í salnum þar sem börnin sungu og fóru með þulur.

Leiksýningin Grýla og jólasveinarnir var 8. desember í boði foreldrafélagsins.

Séra Björn Sveinn kom í heimsókn til okkar 15. desember. Hann ræddi um boðskap jólanna og við sungum nokkur jólalög við undirleik Steinars Guðmundssonar.

Foreldradagur var þriðjudaginn 7. desember. Þá buðu börnin foreldrum sínum í heimsókn í leikskólann. Þau buðu þeim upp á smákökur og kaffi og skreyttu saman piparkökur.

“ ” er leikrit sem Gerðaskóli var með fyrir yngstastigið, þau buðu elstu börnunum hjá okkur að vera með og að sjálfsögðu þáðum við það.

Jólaball var haldið í sal leikskólans 16. desember. Þá mættu börnin þrúðbúin, við gengum í kringum jólatréð og sungum jólalög.

Jólasveinar mættu á svæðið, síðan fengu allir heitt kakó og sætabrauð.

Íþróttahúsið var heimsótt janúar. Þar fengu börnin góða líkamlega útrás.

Þorrablót var haldið á bóndadaginn þ.e. 21. janúar.

“Númi á ferð og flugu” er slysavarnaráttak og brúðuleikhús frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Slysavarnadeildin í Garði bauð upp á sýningu í sal leikskólans þann 3. febrúar.

Öskudagur var haldinn hátíðlegur með tilheyrandi furðufötum og furðufataballi. Guðmundur bakari færði okkur óvæntan glaðning þ.e. ný bakaða snúða.

Ömmu- og afadagur var 12. apríl, þá máttu börnin bjóða ömmum og öfum í heimsókn í leikskólann. Þau sýndu þeim leikskólann sinn, leyfðu þeim að taka þátt í starfinu og buðu þeim síðan upp á kaffisopa. Sölusýning og kökubasar var í leikskólanum laugardaginn 11. júní. Þá bjuggu börnin til listaverk sem seld voru á vægu verði og foreldrafélagið var með kökubasar. Þetta var fjáröflun til styrktar heyrnarskertum dreng sem dvelur í leikskólanum. Enn hann þurfti að fara erlendis í kuðungsígræðslu.

Dagur umhverfis var 25 apríl þann dag notuðum við til að fræðast um mikilvægi þess hvernig við umgöngumst landið okkar.

Útskriftarferð var farin 25. maí, sjá kaflann *Elstu börnin*.

Grillveisla var haldin 30.júní. Þá komu foreldrar og systkini í hádeginu og allir grilluðu pylsur. Trúður mætti á svæðið í boði foreldrafélagsins.

Opið hús var tvisvar sinnum, þá var foreldrum og öðrum sem áhuga hafa boðið að koma í heimsókn og taka þátt í starfinu með okkur.

Sameiginleg samvera var alla föstudaga. Þar var boðið upp á fjölbreytta dagskrá s.s. leikrit sem börnin sýndu, leikrit sem starfsfólk sýndi, söng, dans og leiki.

Starfsmenn

Fjöldi starfsfólks, stöðugildi

Í október 2004 voru starfandi 16 starfsmenn í 13,42 stöðugildum. Í stjórnun er 1.10 stöðugildi leikskólastjóra og rekstraraðila (aðstoðar leikskólastjóra). Á deildum eru 8,70 stöðugildi, í stuðning eru 1,38 stöðugildi. Í eldhúsi er 1 stöðugildi sem tveir starfsmenn skipta á milli sín og í afleysingu er 1,01 staða. Ein starfsstúlka er á vegum Svæðisskrifstofu Reykjanes í 50% stöðu.

Leikskólakennarar eru tveir þ.e. leikskólastjóri og einn deildarstjóri. Einn þroskaþjálfari starfar við stuðning. Einn deildarstjóri var fjarnámsnemi á síðasta ári við KHA. Aðrir starfsmenn eru leiðbeinendur.

Starfsmannabreytingar

Elsa Pálsdóttir leikskólastjóri fór í nýu mánaða námsleyfi. Hafrún Víglunds dóttir leysti hana af. 1. september byrjaði Ásdís Jóhannesdóttir á Sælukoti. 10. september hætti María Guðmundsdóttir. 1. febrúar kom Þórunn Katla úr fæðingarorlofi. 1. júní hætti Kristín Kristjánsdóttir og Julia Esther kom aftur eftir eins árs leyfi. 12. ágúst fór Þórdís Jóna í fæðingarorlof. 21. ágúst fór Njóla í fæðingarorlof. 8. ágúst byrjaði Dóra Sigrún og 11. ágúst byrjaði Eva Rut.

Fundir

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði, 4 klukkutímar í senn. Viðfangsefni fundanna fer eftir þörfum hverju sinni. Þetta eru ýmist vinnufundir, fræðslufundir eða samráðsfundir. Síðan fer einhver tími af hverjum fundi í deildarfundi.

Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku í hálf tíma í senn. Þá hittast deildarstjórar og bera saman bækur sínar og ræða ýmis mál sem brenna á þeim.

Undirbúningstímar leikskólakennara eru teknir einu sinni í viku 4 – 5 klst. í senn. Leiðbeinendur fá undirbúningstíma 1 klst. á viku miðað við fullt starf.

Leik- og sérkennslufulltrúar Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar koma einu sinni í mánuði, sitt hvorn daginn.

Skipulagsdagar.

Skipulagsdagar voru þrír á síðasta starfsári. Sá fyrsti var 5. október þá heimsóttum við þrjá leikskóla í Reykjavík. Lækjaborg sem er með áherslu á fjölmenningu. Laugaborg sem er með áherslu á umhverfismennt, leikinn og ritmálið og Grænuborg en þar er unnið samkvæmt fjölgreindarkenningu Howard Gardnes.

Annar skipulagsdagurinn var 3. janúar þá var starf vorannarinnar skipulagt. Starfsmaður var með fræðslu um Einingakubbana, bókasafnið var skipulagt og komið skipulagi á ljósmyndir í tölvunni. Nýir starfsmenn lásu um fjölgreindarkenninguna og námsefnið Ótrúleg eru ævintýrin. Við eigum eftir að taka þriðja skipulagsdaginn.

Fyrirlestrar, námskeið og ráðstefnur.

Starfsþjálfunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum á vegum Símenntunar á Suðurnesjum 1. hluti byrjaði 4. október. Þær sem fóru: Njóra og Þóra

Námskeið: Hljóm 2 um hljóðkerfisvitund barna. Haldið Kennaraháskóla Íslands í tveimur hlutum 8. og 23. nóvember. Hafrún fór á það.

Starfsþjálfunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum á vegum Símenntunar á Suðurnesjum 2. hluti 20. janúar – 8. mars Þær sem fóru: Njóra og Þóra.

Námskeið: á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja haldið í Kjarna 10. febrúar. Ásmundur Þorkelsson fjallaði um innra eftirlit, þrifaáætlanir og gerlamengun í eldhúsum. Þær sem fóru: Lilja og Júlía Elsa.

Starfsþjálfunarnámskeið fyrir leiðbeinendur í leikskólum á vegum Símenntunar á Suðurnesjum 3. hluti 1. – 17. mars. Þær sem fóru: Njóra og Þóra

Námskeið: *Skipulögð kennsla og vinnubrögð* á vegum Greiningarstöðvar ríkisins. Haldið á Grand hótél dagana 16. 17. og 18. febrúar. Þær sem fóru: Linda Birgisdóttir og Arna Ósk Arnbjörnsdóttir.

Fyrirlestur: *Skapmikil börn* haldin 1. mars í Holtaskóla. Fyrirlesari Þuríður Pétursdóttir sálfræðingur. Allir starfsmenn mættu.

SOS námskeið hjá Gylfa Jóni Gylfasyni. Haldið í Kjarna í sex skipti þ.e. 8. apríl – 13. maí. Þær sem fóru: Ragnheiður og Þóra

Börn

Fjöldi barna

Á Gefnarborg dvöldu í október 2004, 86 börn daglega. Barngildin voru 96,7 1. mars 2005 voru 18 börn í leikskólanum sem eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna, það er 21% barna á Gefnarborg. Þau eru frá 7 löndum.

Dvalartímar

Á Gefnarborg er boðið upp á 4 – 9,5 tíma vistun. Í október 2004 voru 13 börn í heilsdagsvistun þ.e. 8 – 9,5 tíma vistun. Fyrir hádegi voru 37 börn í 4 – 6,5 tíma vistun og eftir hádegi voru 35 börn í 4 – 5.5 tíma vistun.

Samtals voru í 4 – 4.5 tíma vistun 35 börn.

5 – 6.5 tíma vistun 38 börn.

8 – 9,5 tíma vistun 13 börn.

Í morgunmat voru 50 börn, hádegismat 51 börn og í síðdegishressingu 48 börn.

Sérkennsla

Í október 2004 voru 7 börn með sérstuðning. Eitt barn vegna þroskahömlunar og 6 vegna mál- og talörðuleika.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og starfsfólks er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári þ.e. í febrúar. Þetta eru einkaviðtöl þar sem foreldrar og starfsfólk fá tækifæri til að ræða um barnið og veru þess í leikskólanum. Þar er m.a. rætt um líðan barnsins, þroska þess og getu. Mikil undirbúningsvinna er fyrir þessi viðtöl m.a. eru fylltar út atferlisathuganir fyrir hvert barn, yfirlit yfir leiki barnsins og ýmislegt fleira. Mæting í viðtölin var mjög góð.

Foreldrafundur

Skipulagður hópfundur er einu sinni á ári. Hann var haldinn 2. nóvember og tilgangurinn með svona fundi er að kynna hvernig starfið kemur til með að vera yfir veturinn og fara í stórum dráttum yfir síðastliðinn vetur m.a. með ársyfirliti og myndbandi.

Fréttabréf

Á hverju ári eru gefin út 4 fréttabréf þ.e. að hausti, í nóvember, í janúar og að vori. Tilgangurinn með útgáfu fréttabréfa er að upplýsa foreldra um starfið og það sem framundan er. Þannig gefst foreldrum tækifæri á að fylgjast betur með og taka þátt í starfsemi barnsins í leikskólanum.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Það var stofnað í febrúar 1990 og þegar barn byrjar verða foreldrar sjálfkrafa meðlimir í því. Markmið þess er að efla tengsl foreldra innbyrðis svo og foreldra og starfsfólks þannig að sem best verði tryggð velferð barna á Gefnarborg.

Starf foreldrafélags

Starf foreldrafélagsins var hefðbundið þennan veturinn. Aðalfundur þess var 2. nóvember 2004. Á fundinum fór formaður félagsins Sigríður Þorleifsdóttir yfir stöðu félagsins. 8. desember bauð félagið upp á leiksýninguna “Gryla og jólasveinarnir” hér í salnum. 11. júní var kökubasar vegna söfnunar fyrir Óðinn Frey. 30. júní á sumarhátíðinni okkar kom Freyr Sverrisson í hlutverki trúðs og sýndi töfrabrögð og leiki.

Samstarf – fræðsla – ráðgjöf

Ráðgjöf og samstarf

Leikskólinn fær ráðgjöf frá Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Þar höfum við aðgang að leikskólafulltrúa, sérkennslufulltrúa, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Leikskólafulltrúi og sérkennslufulltrúi hafa fasta viðveru einu sinni í mánuði en koma þar fyrir utan ef þörf er á.

Sálfræðingar og talmeinafræðingar sinna börnunum í leikskólanum eftir þörfum.

Við höfum einnig aðgang að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins vegna sérkennslubarna.

Við höfum góðan aðgang að áhaldahúsinu hvað viðhald varðar.

Góð samvinna hefur verið við bæjarskrifstofuna, sálfræðing bæjarins, íþróttahúsið, bókasafnið og Gerðaskóla.

Nemar

Einn nemi starfaði í leikskólanum þ.e. Kristín Kristjánsdóttir hún var á síðasta ári í leikskólakennaranámi

Einn nemi á þriðja ári í Kennaraháskóla Íslands þ.e. Ingunn Rós

Valdimarsdóttir var hjá okkur 6 vikur. Hún byrjaði 2. nóvember.

Æfingarkennarinn hennar var Hildur Vilhelmsdóttir

Einn nemi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja kom og kynntu sér starfsemi leikskólans.

Grunnskólasamstarf.

Gott samstarf er á milli Gefnarborgar og Gerðaskóla og er samstarfið í stöðugri þróun og endurskoðun.

15. febrúar fóru elstu börnin í heimsókn í Gerðaskóla.

Í mars kom 1. bekkur Gerðaskóla í heimsókn í leikskólann.

26. og 27. apríl fóru elstu börnin í heimsókn í 1. bekk.

10. maí var fundur á skólamálastofu með ráðgjafa frá Hlíðarskóla v/heygnaskerts nemanda. Þar mættu sérkennslufulltrúar frá Gefnarborg og Gerðaskóla.

17. maí var fundur í Gefnarborg vegna barnanna sem hefja skólagöngu í haust. Fundin sátu Hildur, Ragnheiður og Hafrún frá leikskólanum.

Guðrún Stefánsdóttir og Jónína Magnúsdóttir frá Gerðaskóla.

9. júní var fundur í Gerðaskóla þar sem rætt var um samstarfið og hvernig við ætlum að þróa það áfram. Þær sem mættu á þann fund voru: Elsa, Hildur og Ragnheiður frá leikskólanum og Erna, Kristjana, Jónína M. og Guðrún frá Gerðaskóla.

Öryggismál

Bruna- og þjófavarnarkerfi er í leikskólanum og er það þjónustað af Öryggismiðstöð Íslands. Mætingarspjöld í anddyrinu eru þáttur í öryggismálum leikskólans. Foreldrar færa mætingarspjald fyrir sitt barn þegar það mætir í leikskólann og til baka aftur þegar barnið fer heim. Því miður getum við ekki alveg treyst þessari skráningu því sumum hættir til að gleyma að færa spjöldin. Brunaeving á vegum Brunavarna Suðurnesja var 21. og 28. september. Þá var reykur settur inn í leikskólann, kerfið fór í gang og húsið rýmt. Síðan er skráð hve langan tíma tók að rýma húsið og hve slökkviliðið var lengi á staðinn. Þetta gekk mjög vel.

Öryggisfulltrúi er starfandi við leikskólann þ.e. Njóra Dagsdóttir.